

**ENDURRIT
ÚR
DÓMABÓK FÉLAGSDÓMS**

Málið nr. 6/2013

**Alþýðusamband Íslands
vegna Rafiðnaðarsambands Íslands,
vegna Félags íslenskra símamanna,
vegna Kristínar Þóru Benediktsdóttur
gegn
Samtökum atvinnulífsins
vegna Já upplýsingaveitna hf.**

Dómur 10. júlí 2013

Ár 2013, miðvikudaginn 10. júlí, er í Félagsdómi í málinu nr. 6/2013

**Alþýðusamband Íslands
vegna Rafiðnaðarsambands Íslands,
vegna Félags íslenskra símamanna,
vegna Kristínar Þóru Benediktsdóttur
gegn
Samtökum atvinnulífsins
vegna Já upplýsingaveitna hf.**

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r:

Mál þetta var dómtekið 10. júní 2013.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Gylfi Knudsen, Kristjana Jónsdóttir, Lára V. Júlíusdóttir og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Sætúni 1, Reykjavík, vegna Rafiðnaðarsambands Íslands, Stórhöfða 31, Reykjavík, vegna Félags íslenskra símamanna, Stórhöfða 31, Reykjavík, vegna Kristínar Þóru Benediktsdóttur, Vallargötu 22, Sandgerði.

Stefndi er Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík, vegna Já upplýsingaveitna hf., Álheimum 74, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur aðallega að viðurkennt verði að uppsögn Kristínar Þóru Benediktsdóttur, kt. 301264-3219, sem fram fór hinn 12. október 2012, hafi brotið gegn 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og sé þar með ólögmat.

Til vara krefst stefnandi þess að viðurkennt verði að Já upplýsingaveitur ehf. hafi í kjölfar uppsagnar Kristínar Þóru Benediktsdóttur þann 12. október 2012 brotið gegn ákvæði 7. gr. kjarasamnings milli Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenskra símamanna og Samtaka atvinnulífsins vegna Skipta hf., Símans hf., Mílu ehf. og Já upplýsingaveitna hf. frá 19. desember 2008 um framkvæmd uppsagna.

Einnig krefst stefnandi þess, hvað varðar aðalkröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða Kristínu Þóru Benediktsdóttur skaðabætur að fjárhæð 951.753 krónur með

vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. apríl 2013 og dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sbr. 9. gr. sömu laga, frá 2. maí 2013.

Hvað varðar aðal- og varakröfu krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða Kristínu Þóru Benediktsdóttur miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 2. apríl 2013 og dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sbr. 9. gr. sömu laga, frá 2. maí 2013.

Stefnandi krefst þess einnig, hvað varðar aðal- og varakröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt í ríkissjóð samkvæmt ákvörðun Félagsdóms.

Loks krefst stefnandi þess, hvað varðar aðal- og varakröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Dómkröfur stefnda

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Málavextir

Helstu málavextir eru þeir að Kristín Þóra Benediktsdóttir höf störf hjá Já upplýsingaveitum hf. þann 15. ágúst 2007 og starfaði á starfsstöð fyrirtækisins í Reykjanesbæ. Kristín Þóra er félagi í Félagi íslenskra símamanna (FÍS), sem er aðildarfélag að Rafiðnaðarsambandi Íslands (RSÍ), og hafði hún frá árinu 2007 tekið virkan þátt í starfi FÍS og RSÍ og gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir félögin. Þann 16. september 2008 var Kristín Þóra kjörin trúnaðarmaður FÍS hjá Já upplýsingaveitum hf. í Reykjanesbæ og gegndi þeirri stöðu til 1. desember 2011.

Í stefnu er því lýst að eftir að Kristín Þóra steig til hliðar sem trúnaðarmaður í lok árs 2011 og annar starfsmaður tók við sem trúnaðarmaður, hafi starfsmenn fyrirtækisins haldið áfram að leita til hennar um ráðgjöf um réttindi og fleira, sem er í verkahring trúnaðarmanns að sinna. Nokkurrar óánægju hafi gætt meðal starfsfólks með nýja trúnaðarmanninn og hafi formaður FÍS, Grétar B. Guðmundsson, tilkynnt um það í tölvupósti 8. maí 2012 að félagið vildi tilnefna annan trúnaðarmann í Reykjanesbæ til viðbótar við fyrri trúnaðarmann, þar sem starfsmenn væru orðnir fleiri en 50. Hafi hann sagt að FÍS hefði ákveðið að skipa Kristínu Þóru sem trúnaðarmann. Af hálfu Já upplýsingaveitna hf. hafi þessu verið mótmælt og orðið hafi úr að Grétar og stjórnendur fyrirtækisins hittust á fundi nokkrum dögum síðar til að ræða málið. Þar komu stjórnendur Já upplýsingaveitna hf. og sýndu gögn um að starfsmenn fyrirtækisins væru 47 og þess vegna ætti FÍS ekki rétt á að skipa annan trúnaðarmann. Af hálfu FÍS hefði þetta verið dregið í efa og til hafi staðið að skoða málið frekar í framhaldinu. Ekki hafi þó komið til þess að málið yrði skoðað nánar þar

sem starfandi trúnaðarmaður tilkynnti um starfslok sín stuttu síðar. Hafi sá trúnaðarmaður hætt störfum í september 2012 en ekki hafi nýr trúnaðarmaður verið kjörinn strax, þrátt fyrir áeggjan FÍS og RSÍ í þá átt. Hafi formaður FÍS t.d. sent tölvupóst um þetta þann 9. október 2012 þar sem hvatt hafi verið til þess að trúnaðarmannakosning yrði kláruð fyrir 20. október því trúnaðarmannaráðstefna RSÍ ætti að fara fram 25. og 26. október.

Þá kveður stefnandi að hinn 11. október síðastliðinn hafi Kristín Þóra fengið fundarboð frá yfirmanni sínum og hafi fundur farið fram að morgni 12. október. Á fundinum var Kristínu Þóru sagt upp. Kristín Þóra leitaði skýringa á uppsögninni á fundinum en engin svör fengust. Var henni tjáð að hún ætti að yfirgefa vinnustaðinn án tafar og að búið væri að loka fyrir aðgang hennar að tölvukerfinu. Er því haldið fram í stefnu að Kristínu Þóru hafi jafnframt verið neitað um að fá að sækja persónulega muni sína, auk þess sem henni hafi verið neitað um að nálgast persónuleg gögn í tölvupósti sínum. Kristín Þóra óskaði eftir viðtali um ástæður stafsloka og var henni þá tjáð að það yrði skoðað.

Kristín Þóra leitaði til stéttarfélags síns og síðar sama dag, 12. október, sendi Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ, tölvupóst á yfirmenn Já upplýsingaveitna hf. þar sem hann óskaði eftir fundi til þess að fara yfir uppsögn Kristínar Þóru og lagði til fundartíma 16. október kl. 13.00. Íris Sigtryggisdóttir, svæðisstjóri Já upplýsingaveitna hf. í Reykjanesbæ, sagði þann tíma ekki henta en kvaðst myndu vera í sambandi á næstu dögum. Hinn 19. október sendi Kristján Þórður ítrekunarpóst og svaraði Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Já upplýsingaveitna hf., á þann veg að ástæða þess að fundur hefði ekki farið fram væru veikindi. Kristján Þórður gerði athugasemdir við að fyrirtækið virti ekki kjarasamninga, þar sem gerð væri krafa um fund um ástæður starfsloka innan fjögurra sólarhringa, en lagði til fund þann 23. október. Sá fundur fór fram og sátu hann Kristín Þóra, af hálfu FÍS Grétar B. Guðmundsson formaður, af hálfu RSÍ Dagný Aradóttir Pind lögfræðingur og Kristján Þórður Snæbjarnarson formaður, en af hálfu Já upplýsingaveitna hf. voru mættar Lilja Hallbjörnsdóttir þjónustustjóri og Íris Sigtryggisdóttir, svæðisstjóri í Reykjanesbæ.

Í stefnu er því lýst að á þeim fundi hafi komið fram að ástæður uppsagnar Kristínar væru þær að hún „gengi ekki í takt við fyrirtækið“. Þetta hafi verið fyrsta skýringin sem fékkst á uppsögn Kristínar en engar skýringar hefðu áður borist, hvorki til FÍS, RSÍ né Kristínar Þóru sjálf. Fulltrúar RSÍ hafi gert athugasemdir við framkvæmd uppsagnarinnar og sagt að miðað við framkvæmdina hefði mátt ætla að Kristín Þóra hefði brotið alvarlega af sér í starfi. Fulltrúar Já upplýsingaveitna hf. hafi sagt framkvæmdina vera í samræmi við það, sem tíðkaðist hjá þeim og tengdum félögum. Komið hefði fram, að Kristín Þóra hefði engar skriflegar áminningar fengið

en að um hefði verið að ræða munnlegar áminningar. Óskað var eftir skriflegum rökstuðningi uppsagnar og barst hann daginn eftir, hinn 24. október. Þar kemur fram að ástæða uppsagnar væri að starfsmaður „ætti ekki samleið með fyrirtækinu“. Ekki kom til frekari viðræðna milli fulltrúa RSÍ og fulltrúa Já upplýsingaveitna hf.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi byggir kröfu sína um að uppsögn Kristínar Þóru verði dæmd ólögumæt aðallega á því að Já upplýsingaveitur hf. hafi með uppsögn stefnanda brotið gegn 4. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Samkvæmt ákvæðinu sé atvinnurekanda óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- og stjórnmalafélögum, t.d. með uppsögn úr vinnu eða hótun um uppsögn. Kristín Þóra hafi ávallt verið mjög virk í starfi sinna stéttarféлага og gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir félögin. Félagsdómur hafi staðfest gildi þessa ákvæðis um að óheimilt sé að segja starfsmanni upp til að hafa áhrif á afskipti hans af málefnum stéttarfélags síns. Ákvæði þetta sæki stoð í atvinnu- og félagafrelsisákvæði stjórnarskrár, þ.e. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrár, sbr. lög nr. 33/1944, og alþjóðlega mannréttindasáttmála, svo sem 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994, og 2. gr. samþykktar Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar nr. 98.

Sú ástæða, sem nefnd hafi verið fyrir uppsögn Kristínar Þóru, sé ekki þess eðlis að hún réttlæti fyrirvaralausá uppsögn. Kristín Þóra hafi ekki fengið að vita um ástæður uppsagnarinnar fyrr en 12 dögum eftir að hún fór fram, þrátt fyrir ítrekaðar óskir um að uppsögnin yrði skýrð og skýr ákvæði kjarasamninga. Tímasetning uppsagnarinnar, nokkrum dögum eftir að tilkynnt hafi verið að komið væri að trúnaðarmannakosningu hjá fyrirtækinu, þar sem yfirmenn vissu að til stóð að skipa Kristínu Þóru sem trúnaðarmann á ný, bendi einnig til þess að yfirmenn hafi með uppsögn viljað koma í veg fyrir að Kristín Þóra yrði trúnaðarmaður. Trúnaðarmenn njóti uppsagnarverndar og þeim megi ekki segja upp án þess að málefnalegar ástæður séu fyrir því. Því hefði verið erfiðara að segja Kristínu Þóru upp hefði hún verið kjörin trúnaðarmaður. Afskipti yfirmanna hjá Já upplýsingaveitum hf. af skipun trúnaðarmanns, fyrst í maí 2012 og svo aftur í október 2012, séu ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 og þær reglur sem gildi almennt um samskipti stéttarféлага og vinnuveitanda.

Í kjarasamningi RSÍ vegna FÍS annars vegar og SA vegna Skipta hf., Símans hf., Mílu ehf. og Já upplýsingaveitna hf. hins vegar, sé sérstaklega fjallað um takmarkanir á uppsagnarheimildum samkvæmt lögum. Þar sé í 7. gr. tekið fram að sérstaklega þurfi að gæta ákvæða 4. gr. laga nr. 80/1938. Að mati stefnanda hafi Kristín Þóra notið uppsagnarverndar samkvæmt 4. gr. laga nr. 80/1938.

Til vara byggir stefnandi kröfu sína á því að Já upplýsingaveitur hf. hafi brotið á rétti Kristínar Þóru til að fá vitanesku um ástæðu uppsagnar sinnar, eins og kveðið sé á um í 7. gr. kjarasamnings Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenskra símamanna og Samtaka atvinnulífsins vegna Skipta hf., Símans hf., Mílu ehf. og Já upplýsingaveitna hf. Þar komi fram að starfsmaður eigi rétt á viðtali um starfslok sín og ástæður uppsagnar. Beiðni um viðtal skuli koma fram innan fjögurra sólarhringa frá því uppsögn er móttækin og skuli viðtal fara fram innan fjögurra sólarhringa þar frá. Starfsmaður geti einnig óskað eftir skriflegum skýringum uppsagnar. Þegar Kristínu Þóru hafi verið sagt upp 12. október 2012, hafi hún tafarlaust óskað eftir viðtali um ástæður starfsloka og verið tjáð að það yrði skoðað. Formaður RSÍ, Kristján Þórður Snæbjarnarson, hafi ítrekað beiðnina samdægurs og lagt til fund hinn 16. október. Sá fundur hafi hins vegar ekki farið fram fyrr en 23. október en þá hafi sú ástæða verið gefin fyrir umræddri uppsögn að Kristín Þóra „gengi ekki í takt við fyrirtækið“. Skriflegar skýringar uppsagnar hafi borist hinn 24. október og þar hafi sú ástæða verið gefin fyrir uppsögn að Kristín Þóra „eigi ekki samleið með fyrirtækinu“. Því hafi verið haldið ranglega fram að Kristínu Þóru hafi verið veitt tækifæri til þess að bæta úr meintum vandamálum varðandi viðhorf og framkomu á vinnustaðnum.

Með því að verða ekki við beiðni um skýringar uppsagnar fyrr en 12 dögum eftir að sú beiðni kom fram, hafi forsvarsmenn Já upplýsingaveitna hf. brotið ákvæði 7. gr. kjarasamnings RSÍ vegna FÍS og SA vegna Skipta hf., Símans hf., Mílu ehf. og Já upplýsingaveitna hf. Þegar skýringar hafi loksins komið fram, eftir ítrekaðar óskir þar að lútandi, hafi skýringarnar verið afar óskýrar og styðji engin gögn fullyrðingar fyrirsvarsmanna Já upplýsingaveitna hf. um að Kristín Þóra „gengi ekki í takt við fyrirtækið“ og „ætti ekki samleið með fyrirtækinu“. Í bréfi með rökstuðningi uppsagnar sé tekið fram að rætt hafi verið við Kristínu Þóru um meintan samskiptavanda á nokkurra mánaða tímabili. Engin gögn séu til um þau samtöl og kannist Kristín Þóra ekki við að þau hafi farið fram með þessum hætti. Sé ætlun yfirmanns að áminna starfsmann eða hvetja hann til þess að taka til greina ábendingar um breytta hegðun á vinnustað, verði ábendingarnar að koma fram með skýrum hætti svo ekki fari milli mála hvers sé krafist af starfsmanni. Hér hafi ekki verið um slíkt að ræða.

Stefnandi telur að þær ástæður fyrir uppsögn, sem nefndar hafi verið, annars vegar á fundi 23. október og hins vegar í bréfi dagsettu 24. október, séu afar óskýrar. Óljóst sé hvað felist í því „að eiga ekki samleið með fyrirtæki“ eða „að ganga ekki í takt við fyrirtækið“. Gögn málsins bendi til þess að Kristín Þóra hafi verið fyrirmyndarstarfsmaður sem hafi verið treyst til margra verka af yfirmönnum sínum, t.d. þjálfun nýrra starfsmanna og afleysingum þegar yfirmaður fór í frí.

Í umræddu ákvæði um framkvæmd uppsagna og skýringar á uppsögn felist að starfsmaður eigi rétt á að fá raunverulegar skýringar á uppsögn innan þeirra tímamarka sem í ákvæðinu greini. Með háttsemi sinni við framkvæmd uppsagnarinnar hafi stefndi því brotið gegn ótvíræðri athafnaskyldu sinni til að upplýsa Kristínu Þóru um ástæður uppsagnarinnar innan ákveðinna tímamarka annars vegar og til að gefa raunverulegar ástæður hins vegar.

Stefnandi byggir kröfu um skaðabætur á 1. mgr. 65. gr. laga nr. 80/1938 og meginreglum skaðabótaréttar og miðar við að fallist verði á aðalkröfu stefnanda í málinu. Með uppsögninni, sem brjótí að mati stefnanda gegn lögum og kjarasamningum, hafi stefndi valdið verulegri röskun á stöðu og högum Kristínar Þóru. Hún hafi gert ráð fyrir að starfa áfram hjá Já upplýsingaveitum hf., enda hefði henni gengið vel í vinnunni og hún sinnt starfi sínu vel. Kristín Þóra hafi sótt um fjölmörg störf frá því hún missti vinnuna en án árangurs. Hafi hún því gert það, sem í hennar valdi hafi staðið, til þess að takmarka tjón sitt. Atvinnuástand sé nú erfitt og einkum á Suðurnesjum. Kristín Þóra sé búsett á Suðurnesjum en hafi einnig leitað vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Hún sé ómenntuð og geri það henni erfiðara fyrir en ella að fá vinnu við sitt hæfi.

Að þessu virtu og með vísan í dómafordæmi geri stefnandi kröfu um greiðslu skaðabóta sem nemi launum Kristínar Þóru í þrjá mánuði, umfram uppsagnarfrest, samtals að fjárhæð 951.753 krónur. Þyki rétt að miða við fjárhæð sem samsvari launum í uppsagnarfresti en það sé í samræmi við dómaframkvæmd.

Stefnandi byggir miskabótakröfu sína á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. aðal- og varakröfu stefnanda. Þar segi að þeim, sem ábyrgð beri á ólögumætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns, skuli gert að greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Kristín Þóra hafi aldrei brotið af sér í starfi á starfstíma sínum hjá Já upplýsingaveitum hf. Hún hafi aldrei verið áminnt eða því beint til hennar að eitthvað væri athugavert við störf hennar. Uppsögnin hafi ekki átt sér aðdraganda og hafi hún komið Kristínu Þóru mjög á óvart. Aðfarirnar við uppsögnina hafi verið mjög harkalegar og særandi og ekki til þess fallnar að milda áfallið sem iðulega fylgi uppsögn. Ákvæðum kjarasamninga um skýringar á uppsögn hafi ekki verið fylgt, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um, og þegar skýringar hafi borist, hafi þær verið afar óljósar. Þessar aðfarir bendi til þess að um alvarlegt brot í starfi hafi verið að ræða og hafi það verið afar þungbært fyrir Kristínu Þóru, þrátt fyrir að yfirmenn hennar hefðu margoft tjáð henni að hún væri fyrirmyndarstarfsmaður. Kristín Þóra hafi ekki enn fengið aðra vinnu, þrátt fyrir mikla leit.

Að þessu virtu og með tilliti til dómafordæma er varða 26. gr. skaðabótalaga, sé gerð krafa um miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna. Sé þess krafist að fjárhæðin beri vexti frá 2. apríl 2013 í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og

verðtryggingu nr. 38/2001 og dráttarvexti frá 2. maí 2013 í samræmi við 9. gr. sömu laga.

Stefnandi byggir kröfu um sekt á 65. gr. og 70. gr. laga nr. 80/1938. Já upplýsingaveitur hf. hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 80/1938 með því að segja upp starfsmanni, sem naut uppsagnarverndar, sbr. 4. gr. laganna.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, einkum 4. gr. Þá byggir stefnandi einnig á skuldbindingargildi kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins og vísar sérstaklega til kjarasamnings RSÍ vegna FÍS annars vegar og SA vegna Skipta hf., Símans hf., Mílu ehf. og Já upplýsingaveitna hf. hins vegar. Um lögsögu Félagsdóms vísar stefnandi til 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og um aðild til 1. mgr. 45. gr. sömu laga.

Skaðabótakrafa stefnanda er byggð á 1. mgr. 65. gr. laga nr. 80/1938 og meginreglum skaðabótaréttar. Krafa um miskabætur byggist á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938. Krafa um sekt byggist á 65. gr. og 70. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi kveðst reisa málskostnaðarkröfu sína á reglum XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. og 69. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður stefnda og lagarök

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að uppsögn Kristínar Þóru Benediksdóttur hafi verið í samræmi við gildandi lög og ákvæði kjarasamninga. Uppsögnin hafi byggst á ákvæðum kjarasamnings aðila frá 1997, sbr. einnig samning RSÍ vegna FÍS og SA vegna Já upplýsingaveitna ehf., sbr. 7. gr. frá 19. desember 2008.

Samkvæmt ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur sé vinnuveitanda óheimilt að reyna að hafa áhrif á afstöðu og afskipti starfsmanna sinna af stéttarfélagsmálum, s.s. með uppsögn úr vinnu eða hótun um slíkt. Um þetta séu forsvarsmenn Já upplýsingaveitna hf. fullkomlega meðvitaðir og hafi lagt sig fram um að veita þeim, sem gegna félags- og trúnaðarstörfum fyrir stéttarfélag sitt, eðlilegan sveigjanleika.

Kristín Þóra hafi í starfi sínu sem trúnaðarmaður notið allra þeirra réttinda og sveigjanleika í starfi, sem hún hafi óskað eftir, og aldrei hafi verið reynt að hafa áhrif á störf hennar fyrir stéttarfélag sitt. Engin rök eða gögn hafi komið fram sem sýni að vinnuveitandi Kristínar Þóru hafi reynt að skipta sér af störfum hennar fyrir Félag íslenskra símamanna eftir að hún beið lægri hlut í kosningu til trúnaðarmannsstarfa í fyrirtækinu. Því síður hafi uppsögn hennar komið til vegna þessa, enda kannist forsvarsmenn Já upplýsingaveitna hf. hvorki við að afskipti Kristínar Þóru af málefnum stéttarfélagsins hafi komið til skoðunar eftir að hún hætti sem

trúnaðarmaður né að félagsstörf hafi truflað eða haft áhrif á vinnu hennar í fyrirtækinu. Þegar af þessum sökum komi 4. gr. laga nr. 80/1938 ekki til skoðunar þegar mat sé lagt á lögmæti uppsagnarinnar. Störf Kristínar Þóru fyrir stéttarfélagið á tímabilinu frá því að hún hætti sem trúnaðarmaður og þar til henni var sagt upp hafi aldrei komið til skoðunar frekar en nokkuð annað það, sem Kristín Þóra aðhafðist í sínum frítíma, og hafi því ekki getað verið ástæða uppsagnar hennar.

Stefndi bendir á að fullyrðing í stefnu um að yfirmenn Kristínar Þóru hafi vitað af því að til stæði að tilnefna hana sem trúnaðarmann á starfsstöðinni eigi sér enga stöð. Forsvarsmenn Já upplýsingaveitna hf. hafi enga vitneskju haft um það. Fyrirverandi trúnaðarmaður hafi sent bréf til starfsmanna þar sem þeir hafi verið hvattir til að gefa kost á sér til starfans, án þess að viðbrögð kæmu við þeim pósti. Þar fyrir utan hafi Kristín Þóra tapað trúnaðarmannskosningu árið áður og hefði ekkert komið fram um að hún hefði áhuga á að taka að sér starfið á nýjan leik. Uppsögn Kristínar Þóru hafi því ekki staðið í neinu sambandi við væntanlega trúnaðarmannskosningu.

Stefndi vísar til þess að skýrlega komi fram í kjarasamningi að aðilum sé heimilt að segja upp ráðningarsambandi með þeim fyrirvara sem þar sé tilgreindur. Kristínu Þóru hafi ekki verið sagt upp fyrirvaralaust, eins og haldið sé fram í stefnu, heldur hafi í einu og öllu verið virtur sá uppsagnarfrestur sem kjarasamningur mæli fyrir um.

Stefndi byggir á því að vinnuveitanda beri ekki að upplýsa starfsmann um ástæður uppsagnar fyrr en og ef sá síðarnefndi óskar eftir að ástæður séu skýrðar, sbr. 7. gr. kjarasamnings aðila frá 19. desember 2008. Engin ástæða hafi því verið fyrir forsvarsmenn Já upplýsingaveitna hf. að fara yfir þær ástæður fyrr en á fundi með Kristínu Þóru sem haldinn hafi verið hinn 23. október 2012.

Stefndi bendir á að varakrafa stefnanda lúti að framkvæmd uppsagnarinnar. Þegar beiðni hafi borist um að fundað yrði með Kristínu Þóru um ástæður uppsagnarinnar hafi svo óheppilega viljað til að starfsmaður, sem hafi þurft að vera á fundinum til að fara yfir málið, hafi ekki verið í vinnu vegna veikinda. Íris, svæðisstjóri Já upplýsingaveitna hf., hafi svarað bréfinu og farið fram á að ákvörðun um tímasetningu yrði frestað. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafi talið að um afsakanlega ástæðu fyrir frestun fundarins hafi verið að ræða sem ekki myndi kalla á svo hörð viðbrögð eins og þau sem fram hefðu komið í tölvuskeytum FÍS til þeirra. Ef til vill hefði þó verið heppilegra að gefa strax upp ástæður seinkunar á fundartímanum og sé það á ábyrgð forsvarsmanna Já upplýsingaveitna hf. að hafa ekki gert það.

Stefndi andmælir málatilbúnaði í stefnu um að uppsögn Kristínar Þóru hafi komið til vegna trúnaðar- og félagsstarfa hennar fyrir stéttarfélag sitt, enda séu engin rök færð fyrir þeirri málsástæðu og engin gögn sem styðji þá fullyrðingu í stefnu að

uppsögn hafi staðið í nokkru samhengi við félagsstörf Kristínar Þóru. Jafnframt sé andmælt þeirri staðhæfingu að uppsögn hafi verið fyrirvaralaus, sbr. uppsagnarbréf frá 12. október 2012.

Stefndi kveður kröfu um miskabætur ekki eiga sér lagastoð. Seinkun fundar um nokkra daga umfram þann frest, sem kjarasamningur mæli fyrir um, geti ekki talist ólögmæt meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu Kristínar Þóru og geti því ekki verið grundvöllur miskabótakröfu. Stefndi andmælir enn fremur kröfu um sektargreiðslu í ríkissjóð.

Stefndi byggir kröfur sínar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, skaðabótalögum nr. 50/1993, kjarasamningi aðila frá 8. júlí 1997 og samningi RSÍ vegna FÍS og SA vegna Skipta hf., Símans hf. og Mílu ehf. og Já upplýsingarveitna ehf. frá 19. desember 2008. Málskostnaðarkrafa stefnda byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, aðallega 130. og 131. gr.

Niðurstaða

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. og 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Málið er risið af þeirri ákvörðum stefnda, Já upplýsingaveitna hf., að segja starfsmanni sínum, Kristínu Þóru Benediktsdóttur, sem er félagsmaður í Félagi íslenskra símamanna, upp störfum hjá fyrirtækinu frá og með 12. október 2012 og skyldi uppsagnarfrestur vera þrjú mánuðir, sbr. ljósrít uppsagnarbréfs, dags. 12. október 2012, sem liggur fyrir í málinu. Tekið er fram í uppsagnarbréfinu að ekki sé ætlast til þess „að viðkomandi vinni uppsagnarfrestinn“ og að „viðkomandi [láti] af störfum nú þegar“, eins og þar stendur. Í uppsagnarbréfinu kemur ekkert fram um ástæður uppsagnarinnar. Fram kemur í málinu að Kristín Þóra Benediktsdóttir hóf störf hjá Já upplýsingaveitum hf. hinn 15. ágúst 2007. Þá liggur fyrir að hún var kjörin trúnaðarmaður stéttarfélagsins hjá fyrirtækinu hinn 16. september 2008 og gegndi þeim starfa til 1. desember 2011, er hún lét af honum í kjölfar kosningar trúnaðarmanns hinn 22. nóvember 2011 þegar Jóhanna Ósk Þorsteinsdóttir var kjörin trúnaðarmaður í hennar stað. Var Kristín Þóra ekki trúnaðarmaður þegar henni var sagt upp störfum með hinni umdeildu uppsögn hinn 12. október 2012. Þá stóð svo á að til stóð að kjósa nýjan trúnaðarmann í stað Jóhönnu Óskar sem hugðist láta af störfum hjá fyrirtækinu innan skamms og þar með trúnaðarmannsstarfi, sbr. fyrirliggjandi tölvupóst hennar, dags. 11. september 2012, til samstarfsfólks. Kemur þetta fram í tölvupósti formanns Félags íslenskra símamanna, Grétars B. Guðmundssonar, frá 9. október 2012 til svæðisstjóra stefnda, Írisar Sigtryggisdóttur. Í kjölfarið var Kristínu Þóru Benediktsdóttur sagt upp störfum, eins og fram er komið. Kosningu nýs trúnaðarmanns hafði ekki verið komið í kring þegar uppsögnin fór

fram. Af hálfu stefnanda var krafist skýringa á uppsögninni og rökstuðnings fyrir henni, sbr. tölvupóst hinn 12. október 2012. Í kjölfar fundar fulltrúa stefnda og stéttarfélaganna hinn 23. október 2012, þar sem skýringar voru gefnar, var síðan veittur skriflegur rökstuðningur með bréfi, dags. 24. október 2012. Í lok október 2012 var Aðalheiður Guðmundsdóttir tilnefnd trúnaðarmaður eftir því sem fram er komið í málinu.

Af hálfu stefnda er ekki byggt á því að hin sérstöku ákvæði um vernd trúnaðarmanna í 11. gr. laga nr. 80/1938 hafi verið brotin í því tilviki sem hér um ræðir. Kröfugerð stefnanda í málinu er þannig farið að gerð er sú aðalkrafa að viðurkennt verði að greind uppsögn Kristínar Þóru Benediktsdóttur, sem fram fór hinn 12. október 2012, hafi brotið gegn 4. gr. laga nr. 80/1938 og hafi því verið ólögmat. Til vara er þess krafist að viðurkennt verði að stefndi, Já upplýsingaveitur hf., hafi í kjölfar uppsagnar Kristínar Þóru brotið gegn 7. gr. kjarasamnings milli Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenskra símamanna annars vegar og Samtaka atvinnulífsins vegna Skipta hf., Símans hf., Mílu ehf. og Já upplýsingaveitna hf. hins vegar frá 19. desember 2008 um framkvæmd uppsagna. Enn fremur er krafist skaðabóta bæði vegna fjártjóns og miska sem Kristín Þóra hafi orðið fyrir vegna uppsagnarinnar. Hvað varðar aðalkröfu er þess þannig krafist að stefndi, Já upplýsingaveitur hf., verði dæmdur til að greiða Kristínu Þóru skaðabætur að fjárhæð 951.753 krónur, sem svari þriggja mánaða launum umfram uppsagnarfrest, auk vaxta, og hvað varðar aðal- og varakröfu er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða Kristínu Þóru miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna, auk vaxta. Loks er þess krafist, bæði varðandi aðal- og varakröfu, að stefndi, Já upplýsingaveitur hf., verði dæmdur til að greiða sekt í ríkissjóð eftir ákvörðun dómsins. Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu. Víkur þá nánar að málsástæðum og lagarökum stefnanda og þá fyrst fyrir aðalkröfu.

Í 4. gr. laga nr. 80/1938 er mælt svo fyrir að atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda sé óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum eða vinnudeilum hvort sem er með uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn eða fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum. Í athugasemdum með 4. gr. frumvarps þess, sem varð að lögum nr. 80/1938, kemur það eitt fram að greinin sé sett fram til að tryggja skoðanafrelsi verkamanna. Samkvæmt þessu og atvikum málsins er þá byggt á því af hálfu stefnanda að stefndi hafi reynt að hafa áhrif á afskipti Kristínar Þóru Benediktsdóttur af stéttarfélagsmálum með greindri uppsögn þannig að varði við 4. gr. laga nr. 80/1938. Hvað varðar slík málefni er í málinu upplýst um trúnaðarmannsstörf Kristínar Þóru, eins og fyrr getur, auk þess sem fram hefur komið að hún hafi látið

stéttarfélagsmálefni sig skipta og sitji í stjórn Félags íslenskra simamanna og í miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands.

Nánar tiltekið virðist byggt á því af hálfu stefnanda að meint brot stefnda gegn 4. gr. laga nr. 80/1938 liggi í því að fyrirsvarsmenn stefnda hafi vitað að til stæði að skipa Kristínu Þóru trúnaðarmann þegar kosning nýs trúnaðarmanns blasti við haustið 2012 vegna starfsloka Jóhönnu Óskar hjá fyrirtækinu og brotthvarfs hennar frá starfi trúnaðarmanns og því viljað tryggja með uppsögninni að þessar ráðagerðir næðu ekki fram að ganga, enda sé uppsögn trúnaðarmanns torveld. Gefi tímasetning fyrirvaralausrar uppsagnar þetta til kynna en tilgreindar ástæður hafi ekki getað réttlætt slíka uppsögn.

Ekki hefur annað komið fram í skýrslutökum fyrir dómi en að Kristín Þóra hafi gegnt störfum sínum hjá stefnda aðfinnslulaust og eins sem trúnaðarmaður, enda þótt svo hafi atvikast að hún var ekki endurkjörin við kosningu trúnaðarmanns í nóvember 2011. Stefndi gaf þá ástæðu eina fyrir uppsögninni að Kristín Þóra „ætti ekki samleið með fyrirtækinu“, sbr. skriflegan rökstuðning stefnda, dags. 24. október 2012, og tilgreindar ástæður á fundi hinn 23. október 2012 voru þess efnis að Kristín Þóra „gengi ekki í takt við fyrirtækið“, sbr. það sem kemur fram í stefnu. Í umræddum skriflegum rökstuðningi kemur fram að viðhorf og framkoma Kristínar Þóru hafi verið ástæða uppsagnarinnar.

Af hálfu stefnanda er því borið við að yfirmenn stefnda hafi haft ólögmæt afskipti af skipun trúnaðarmanns bæði í maí og október 2012. Varðandi fyrra tilvikkið liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins að með tölvupósti Grétars B. Guðmundssonar, formanns stéttarfélagssins, dags. 8. maí 2012, til Írisar Sigtryggsdóttur, svæðisstjóra stefnda, var tilkynnt að stéttarfélagið hefði ákveðið að tilnefna annan trúnaðarmann til viðbótar þeim, sem fyrir var, þannig að trúnaðarmennirnir yrðu tveir, enda starfsmannafjöldi á starfsstöð stefnda í Reykjanesbæ kominn yfir 50. Vísað var til kvartana, sem hefðu borist stéttarfélaginu. Kom fram að félagið hefði ákveðið að tilnefna Kristínu Þóru Benediktsdóttur sem trúnaðarmann. Í skýrslutöku af Grétari B. Guðmundssyni kom m.a. fram að vegna reynsluleysis Jóhönnu Óskar hefði verið talið þjóðráð að tilefna Kristínu Þóru sem trúnaðarmann Jóhönnu Ósk til trausts og halds. Í tölvupósti Lilju Hallbjörnsdóttur, þjónustustjóra stefnda, dags. 9. maí 2012, var því mótmælt að skilyrði væru uppfyllt fyrir tveimur trúnaðarmönnum, enda næði rétt reiknaður starfsmannafjöldi ekki 50 svo sem nánar var rakið. Í skýrslu framangreinds Grétars kom fram að stéttarfélagið hefði látið við þetta sitja og unað einum trúnaðarmanni. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að telja að þetta tilbrigði við meginstef málsins hafi takmarkaða þýðingu við úrlausn þess.

Í gögnum málsins, þar á meðal skýrslutökum í málinu, kemur ekkert haldbært fram um að störf Kristínar Þóru Benediktsdóttur að stéttarfélagsmálefnum, hvorki sem trúnaðarmaður né við slík félagsstörf að öðru leyti, hafi verið ástæða uppsagnarinnar. Þvert á móti hefur komið fram, eins og fyrr greinir, að engin óánægja var með störf Kristínar Þóru, hvorki störf hennar í þágu stefnda né stéttarfélagsins sem trúnaðarmaður þegar hún gegndi því hlutverki. Þá kom fram við skýrslutökur af Grétari B. Guðmundssyni og Aðalheiði Guðmundsdóttur að Kristín Þóra hafi verið fráhræfð að taka að sér starf trúnaðarmanns.

Af hálfu stefnda er því staðfastlega haldið fram að uppsögn Kristínar Þóru Benediktsdóttur hafi verið í samræmi við gildandi lög og ákvæði kjarasamninga.

Að því virtu, sem að framan er rakið, verður ekki talið að stefnanda hafi tekist að sýna fram á að uppsögn Kristínar Þóru Benediktsdóttur hafi átt rætur að rekja til afskipta stefnda af stéttarfélagsstörfum hennar þannig að varði við ákvæði 4. gr. laga nr. 80/1938 og hafi af þeim sökum verið ólögmat. Ber því að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnda. Víkur þá að varakröfu.

Í 7. gr. fyrrgreinds kjarasamnings aðila frá 19. desember 2008 er mælt fyrir um framkvæmd uppsagna. Tekið er fram um uppsagnir almennt að uppsagnarfrestur sé gagnkvæmur. Skuli allar uppsagnir vera skriflegar og gerðar á sama tungumáli og ráðningarsamningur starfsmanns. Þá kemur fram að starfsmaður eigi rétt á viðtali um starfslok sín og ástæður uppsagnar. Skuli beiðni um viðtal koma fram innan fjögurra sólarhringa frá því að uppsögn var móttækin og skuli viðtal fara fram innan fjögurra sólarhringa þar frá. Starfsmaður geti þegar að viðtali loknu eða innan fjögurra sólarhringa þar frá óskað eftir því að uppsagnir séu skýrðar skriflega. Fallist atvinnurekandi á þá ósk hans, skuli við því orðið innan fjögurra sólarhringa þar frá. Fallist atvinnurekandi ekki á ósk starfsmanns um skriflegar skýringar á starfsmaður innan fjögurra sólarhringa rétt á öðrum fundi með vinnuveitanda um ástæður uppsagnar að viðstöddum trúnaðarmanni sínum eða öðrum fulltrúa stéttarfélags síns ef starfsmaður óskar þess. Þá er í þessari grein kjarasamningsins fjallað um takmörkun uppsagnarheimildar samkvæmt lögum, þar á meðal varðandi trúnaðarmenn. Jafnframt er tekið fram að einnig verði að gæta ákvæða 4. gr. laga nr. 80/1938, auk jafnréttislaga og fleiri laga sem tilgreind eru. Í lok greinarinnar er tekið fram að brot gegn ákvæðum þessa kafla geti varðað bótum samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins.

Fram kemur í málinu að Kristín Þóra Benediktsdóttir óskaði þegar á fundi með yfirmanni stefnda, Írisi Sigtryggisdóttur svæðisstjóra, að morgni 12. október 2012, þar sem henni var tilkynnt um uppsögnina og afhent uppsagnarbréfið, eftir skýringum á uppsögninni. Þann sama dag fór Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, fram á fund með fulltrúum stefnda vegna

uppsagnarinnar ekki síðar en 16. október 2012, sbr. tölvupóst, dags. 12. október 2012. Verður að telja að þarna hafi strax komið fram beiðni um slíkt viðtal sem mælt er fyrir um í 7. gr. kjarasamningsins. Með tölvupósti Írisar Sigtryggsdóttur, dags. 15. október 2012, var umbeðinn fundartími ekki talinn henta og stungið upp á því að annar tími yrði fundinn, án þess þó að nein tímasetning væri nefnd í því sambandi. Í kjölfar tölvupósts Kristjáns Þórðar Snæbjarnarsonar, dags. 19. október 2012, til fulltrúa stefnda var hinn 23. október 2012 haldinn fundur þeirra og fulltrúa stéttarfélaganna, auk þess sem Kristín Þóra sat þann fund, þar sem ástæður uppsagnarinnar voru ræddar. Á fundinum var óskað eftir skriflegum rökstuðningi stefnda fyrir uppsögninni sem barst degi síðar, sbr. fyrirliggjandi bréf, dags. 24. október 2012. Eins og fram er komið er ástæða uppsagnar í bréfi þessu sögð sú „að starfsmaður á ekki samleið með fyrirtækinu“. Í því sambandi er vísað til þess að fyrir þessu séu nokkrar ástæður og þær helstar að Kristín Þóra hafi ekki að mati stefnda tekið til greina ábendingar og athugasemdir svæðisstjóra stefnda, Írisar Sigtryggsdóttur, varðandi viðhorf og framkomu hennar á vinnustaðnum. Nánar er þetta ekki skýrt.

Af hálfu stefnanda er varakrafan um viðurkenningu á meintum brotum stefnda á 7. gr. kjarasamningsins um framkvæmd uppsagna byggð á tveimur aðfinnsluefnum. Annars vegar að stefndi hafi ekki virt samningsbundinn frest til að veita viðtal um starfslok og ástæður uppsagnar og hins vegar að þær skýringar, sem fram komu að lokum, hafi verið afar óskýrar og torráðið hvað í þeim fælist. Víkur fyrst að fyrri þættinum. Eins og fram er komið kom beiðni um viðtal þegar fram á uppsagnardegri hinn 12. október 2012. Samkvæmt skýrum fyrirmælum 7. gr. kjarasamningsins skyldi viðtal fara fram innan fjögurra sólarhringa þar frá. Byggja verður á því að viðtal í skilningi 7. gr. kjarasamningsins hafi farið fram á umræddum fundi hinn 23. október 2012. Var þá komið talsvert fram yfir samningsbundinn frest. Skriflegur rökstuðningur, sem óskað var eftir á fundinum af hálfu stefnanda, barst hins vegar í samningsbundnum fresti eða hinn 24. október 2012. Samkvæmt þessu gætti stefndi ekki þess frests til að veita starfsmanni viðtal um starfslok hans og ástæður uppsagnar sem mælt er fyrir um í 7. gr. kjarasamnings aðila. Vegna eðlis mála af þeim toga, sem hér um ræðir, er augljós þörf á að þeim sé hraðað, enda eru frestir ákveðnir skammir af þeim sökum. Skiptir því miklu að frestir séu virtir í hvívetna. Við meðferð uppsagnarinnar í október 2012 kom ekkert fram af hálfu stefnda um þann drátt, sem varð á því að viðtal var veitt, og stefnanda engar skýringar gefnar á þeim tögum sem urðu á því. Hér fyrir dómi hefur því verið borið við af hálfu stefnda að veikindi ótilgreinds starfsmanns stefnda hefðu valdið því að ekki var unnt að halda fund fyrir um ástæður uppsagnarinnar. Nánar kemur ekkert fram um þetta. Með þessum viðbárum verður ekki talið að stefndi hafi sýnt fram á að óviðráðanleg atviki hafi valdið því að það dróst fram yfir samningsbundinn frest að veita viðtal um ástæður

uppsagnarinnar. Með vísan til þess, sem hér er rakið, er fallist á það með stefnanda að stefndi hafi brotið gegn 7. gr. kjarasamnings aðila með því að virða ekki sammingsbundinn frest til að veita viðtal um starfslok og ástæður uppsagnar Kristínar Þóru Benediktsdóttur. Þá verður einnig að taka undir það með stefnanda að þær ástæður, sem að lyktum voru gefnar fyrir uppsögn Kristínar Þóru og gerð hefur verið grein fyrir, hafi verið það óljósar og almenns eðlis að ekki sé fullnægt kröfum 7. gr. sammingsins og því hafi stefndi einnig með þessu brotið gegn því ákvæði kjarasamningsins.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, er varakrafa stefnanda tekin til greina. Víkur þá að öðrum kröfum stefnanda.

Þess er krafist að Kristínu Þóru Benediktsdóttur verði dæmdar skaðabætur bæði vegna fjártjóns og miska. Skaðabótakrafan vegna fjártjóns nemur 951.753 krónum sem svarar til þriggja mánaða launa Kristínar Þóru umfram uppsagnarfrest, auk vaxta. Er krafan byggð á 65. gr. laga nr. 80/1938 og meginreglum skaðabótaréttar. Í stefnu kemur fram að þessi krafa sé miðuð við að fallist verði á aðalkröfu stefnanda í málinu. Að því virtu og með vísan til fyrrgreindrar niðurstöðu um aðalkröfu stefnanda í málinu þykir þegar af þessum sökum bera að sýkna stefnda af skaðabótakröfunni.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða Kristínu Þóru Benediktsdóttur miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna með vöxtum. Fram kemur í stefnu að krafa þessi eigi við bæði um aðalkröfu og varakröfu. Vísað er til b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Er byggt á því að aðfarir stefnda við uppsögn Kristínar Þóru hafi verið mjög harkalegar og særandi, þar á meðal hafi skýringar á ástæðum uppsagnarinnar verið veittar bæði seint og illa. Hafi þessi framgangsta stefnda verið fallin til að skaða starfsheiður hennar. Samkvæmt greindu ákvæði laga nr. 50/1993 er heimilt að láta þann, sem ábyrgð ber á ólögumætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns, greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Þrátt fyrir þær misfellur, sem urðu af hendi stefnda við framkvæmd uppsagnarinnar og fóru í bága við 7. gr. kjarasamnings aðila, sbr. niðurstöðu um varakröfu, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á að fullnægt sé skilyrðum fyrir miskabótum samkvæmt greindu ákvæði 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Er stefndi því sýknaður af þessari kröfu stefnanda.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt í ríkissjóð samkvæmt ákvörðun dómsins. Fram kemur í stefnu að krafa þessi varði bæði aðalkröfu og varakröfu. Skírskotar stefnandi til 70. gr., sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938, og vísar til þess að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara með því að segja upp starfsmanni sem hafi notið uppsagnarverndar, sbr. 4. gr. laganna. Stefndi er sýknaður af kröfu stefnanda um að stefndi hafi brotið gegn 4. gr. laga nr. 80/1938, sbr. niðurstöðu um aðalkröfu. Brot á ákvæði kjarasamningsins geta ekki varðað sekt

samkvæmt greindum refsíákvæðum laga nr. 80/1938, enda er refsheimild 70. gr. laganna bundin við brot á þeim lögum. Er því engin lagaheimild til að gera stefnda sekt í máli þessu. Ber því að sýkna stefnda af þessari kröfu stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D Ó M S O R Ð:

Viðurkennt er að Já upplýsingaveitur hf. hafi í kjölfar uppsagnar Kristínar Þóru Benediktsdóttur þann 12. október 2012 brotið gegn ákvæði 7. gr. kjarasamnings milli Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenskra símamanna og Samtaka atvinnulífsins vegna Skipta hf., Símans hf., Mílu ehf. og Já upplýsingaveitna hf. frá 19. desember 2008 um framkvæmd uppsagna.

Stefndi, Samtök atvinnulífsins vegna Já upplýsingaveitna hf., skal vera sýkn af öðrum kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenskra símamanna vegna Kristínar Þóru Benediktsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Arnfríður Einarsdóttir

Gylfi Knudsen

Kristjana Jónsdóttir

Lára V. Júlíusdóttir

Valgeir Pálsson

Rétt endurrit staðfestir,
Reykjavík, 10. júlí 2013.

